

# Umsókn um nýjan héraðsveg

Nafn: \_\_\_\_\_

Kennitala: \_\_\_\_\_

Aðsetur: \_\_\_\_\_

Sími: \_\_\_\_\_

Netfang: \_\_\_\_\_

## Rökstuðningur fyrir þörf á nýjum vegi:

Lýsing á staðhættum, staðsetningu, heiti bæja sem vegur skal liggja að og áætlaður heildaríbúafjöldi við veg:

---

---

---

---

---

## Sótt er um á grundvelli:

- skilyrðis um fasta búsetu
- skilyrðis um starfrækslu atvinnufyrirtækis á staðnum
- skilyrðis um kirkjustað
- skilyrðis um opinberan skóla eða annarra opinberra stofnana
- annarra skilyrða - skýring: \_\_\_\_\_

## Fylgigögn:

- Vottorð þjóðskrár um lögheimilisskráningu
- Staðfesting sveitarfélags á því að skilyrði um fasta búsetu sé uppfyllt
- Staðfest deiliskipulag (uppdráttur)
- Uppdráttur af æskilegri staðsetningu fyrirhugaðs vegar
- Staðfesting á skráningu tilkynningarskyldrar starfsemi til skattstjóra, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt
- Skattframtöl rekstraraðila og eða önnur þau gögn er sýnt geta fram á að skilyrði laganna um starfrækslu atvinnufyrirtækis sé uppfyllt
- Ef gert er ráð fyrir að vegur liggi um land í eigu annarra en umsækjanda, skal fylgja staðfesting þinglýsts eiganda þeirrar fasteignar á því að hann sé ekki mótfallinn vegarlagningunni og samþykki hans á því að leggja land undir veg
- Annað? Hvað: \_\_\_\_\_

Vinsamlegast sendið umsókn til næstu svæðisskrifstofu Vegagerðarinnar:

<u>Reykjavík</u>	<u>Suðursvæði</u>	<u>Norðursvæði</u>	<u>Vestursvæði</u>	<u>Austursvæði</u>
Vegagerðin Borgartúni 5-7 105 Reykjavík	Vegagerðin Breiðumýri 2 800 Selfossi	Vegagerðin Miðhúsavegi 1 600 Akureyri	Vegagerðin Borgarbraut 66 310 Borgarnesi	Vegagerðin Búðareyri 11-13 730 Reyðarfirði

Héraðsvegir eru ein tegund þjóðvega og eru þeir skilgreindir með eftirfarandi hætti, sbr. c. liður 2. mgr. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007

Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar. Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaða-hverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg.

Athygli skal vakin á því að hugtakið *býli* er skilgreint í 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. vegalaga nr. 80/2007 með eftirfarandi hætti: „Íbúðarhúsnæði þar sem föst búseta er og skráð lögheimili.“

Í þeim tilvikum þegar sótt er um héraðsveg á grundvelli þess að um starfrækslu atvinnufyrirtækis sé að ræða er rétt að vekja athygli á því að sýna þarf fram á að um sé að ræða reglubundna starfssemi sem rekin er í hagnaðarskyni.

Fallist Vegagerðin á beiðni um lagningu nýs héraðsvegar skal skráður eigandi fasteignar greiða helming eftirfarandi kostnaðar við vegagerðina, sbr. 20. gr. vegalaga nr. 80/2007.

- Kaupi á land undir veg
- Hönnun vegar
- Bygging vegar
- Eftirlit með gerð vegar

Lega vegar skal ákveðin í samráði við skráðan eiganda fasteignar, en endanleg ákvörðun um legu er í höndum Vegagerðarinnar.

Bent skal á að Vegagerðin er veghaldari þjóðvega, skv. a. lið 1. mgr. 5. gr. vegalaga nr. 80/2007. Hafi umsækjandi þegar látið byggja veg, eða hafið vegaframkvæmdir án leyfis og samráðs við Vegagerðina er Vegagerðinni heimilt að hafna umsókn þrátt fyrir að skilyrði héraðsvegar, skv. c. lið 2. mgr. 8. gr. laganna kunni að vera uppfyllt.

- Ég staðfesti að ég hef kynnt mér og samþykki ofangreinda skilmála

---

Staður og dagsetning

---

Umsækjandi

---

Fasteign sem sótt er um veg að

Ef sótt er um fyrir hönd annarra umsækjenda skulu þeir tilgreindir hér:

---

Umsækjandi

---

Fasteign sem sótt er um veg að

---

Umsækjandi

---

Fasteign sem sótt er um veg að

---

Umsækjandi

---

Fasteign sem sótt er um veg að

---

Umsækjandi

---

Fasteign sem sótt er um veg að

---

Umsækjandi

---

Fasteign sem sótt er um veg að

---

Umsækjandi

---

Fasteign sem sótt er um veg að